

um helgina



Lugigi (Emil Gunnar Gunnarsson) ræðir fíkniefnamálin við móður sína og afa (Margræti Ólafsdóttur og Gísli Halldórsson).

Leikfélag Reykjavíkur

„Hassið“ nýtur mikilla vinsælda

Mikil aðsókn hefur verið að farsa Dario Fo, „Hassinu hennar mómmu“. Í gærkvöldi var auka miðnætorsýning og í kvöld kl. 23.30 er önnur miðnætorsýning í Austurbæjarbíói, en búið er að sýna verið í yfir 40 skipti.

Pá verður í kvöld í Iðno Skil-

aður Kjartans Ragnarssonar á sviðinu en þetta verk hefur hlotið eindóma lof gagnrýnenda, þykir bæði nýstárlegt og áhrifamikið.

Á sunnudagskvöld er það síðan Salka Valka Halldórs Laxness, en sýningar á þessari leikgerð eru nú komnar á fimmta tuginn.

Íslenska óperan



Töfraflautan nýtur mikillar hylli óperuunnenda.

Allt uppselt á Töfraflautuna

Uppselt er nú um helgina á báðar sýningar Íslensku óperunnar á Töfraflautunni eftir Mozart.

Nú standa yfir æfingar á næsta verkefni óperunnar sem er Mikadóinn eftir Gilbert og Sullivan.

Frumnýting er áætluð í byrjun næsta mánaðar.

Pá hefur verið ákveðið að taka barnaóperuna Litla sótarann aftur til sýningar nú um miðjan mánuðinn.

Þjóðleikhúsið

Ballettinn á sunnudag

Jómfrú Ragnheiður eftir Kamban í upp færslu Bríetar Héðinsdóttur verður á stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld. Á sunnudagskvöld sýnir Íslenski dansflokkurinn Danssmiðju sína á stóra sviðinu, fjóra nýja íslenska balletta.

Á litla sviðinu verður Tvíleikur sýndur á sunnudagskvöld og leikrit

Nínu Bjarkar, Súkkulaði handa Silju verður sýnt þar á þriðjudagskvöld.

Lína Langsokkur hefur hlotið einróma lof leikhúsgagnrýnenda og verða tvær sýningar á þessum fjöruga barnaleik, í dag og sunnudag kl. 15.00. Þegar er uppselt á báðar sýningarnar.

Ungir myndlistamenn sýna á Kjarvalsstöðum

171 verk eftir 58 listamenn

Ungir myndlistarmenn 1983 er yfirskrift yfirgrípsmikillar sýningar á verkum ungra listamanna sem opnuð verður að Kjarvalsstöðum í dag, laugardag kl. 14.00

Á sýningunni er 171 verk eftir 58 listamenn, á aldrinum 20–30 ára. Undirbúningur sýningarinnar hófst í fyrrahaust með því að auglýst var eftir verkum ungra listamanna. Alls barst stjórn Kjarvalsstaða hátt í fimm hundruð verk eftir 80 listamenn. Dómnefnd valdi úr þar sem allt sýningarsvæði Kjarvalsstaða rúmar ekki nema hluta verkanna.

Meðal þeirra sem eiga verk á sýningunni eru margir af fremstu ungu listamönnum þjóðarinnar, bæði starfandi hér heima og eins er þó nokkuð af myndverkum eftir íslenska myndlistarmenn sem starfa eða eru í framhaldsnámi erlendis.

Alls kyns grasa kennir á sýningunni, skúlptúrverk, glermyndir, en greinilegt er að málverkið á hug og hjörtu ungu listamannanna. Fjölbreytnin er gífurleg í efnisvali og framsetningu, allt frá nýmálverkinu, sem er nokkuð áberandi, allt yfir í súperrealisma.

Sýningin verður opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00 fram til 21. febrúar.


Í næstu viku verða tónleikar haldnir í tengslum við sýninguna í samvinnu við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónskóla Sigursveins.

Þann 14. febrúar leika nemendur í Tónlistarskólanum einleik á fiðlu, píanó, selló, flautu, auk þess sem einsöngur verður á dagskrá.


15. febrúar verður fullnaðarpróf nemenda úr Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Báðir þessi tónleikar hefjast kl. 20.30




Nafnlaust verk eftir Kristín G. Harðarson unnið í samvinnu við Helga Þ. Friðjónsson. Kristinn býr í Kópavogi, fæddur 1955.



Pastorale í postulín og tré, eftir Kolbrúnu Björgólfsdóttur frá Búðardal, fædda 1953.



Úlfur, úlfur, eftir Guðlaug Þór Ágústsson úr Reykjavík, fæddan 1960.



Flýgur fiskisagan, eftir Lýð Sigurðarson úr Reykjavík, fæddan 1952.